

# Brúum bilið

---

SAMSTARFSVERKEFNI BÍDUDALSSKÓLA OG TJARNARBREKKU

2015-2016

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Markmið og tilgangur.....	2
Skilafundur .....	3
Heimsóknir í grunnskólann .....	3
Heimsóknir á leikskólann .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Skilafundur .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Samstarfsáætlun 2015-2016.....	3
Heimildaskrá .....	5

## Inngangur

Skólaárið 2015-2016 ákváðu Bíldudalsskóli (deild í Grunnskóla Vesturbyggðar) og Tjarnarbrekka (starfsstöð innan Leikskóla Vesturbyggðar) að ráðast í að setja saman handbók eða skýrslu sem ber nafnið: Brúum bilið. Í handbókinni er að finna markmið, tilgang og áætlanir með samstarfi skólanna. Samstarf hefur verið milli skólanna í gegnum tíðina en mismikið þó og er þetta í fyrsta skipti sem slík handbók hefur verið gefin út. Höfundar handbókarinnar telja útgáfuna mikilvæga til að viðhalda og efla formlegt samstarf og festa það enn frekar í sessi.

Þeir kennarar sem komu að gerð þessarar handbókar og hófu þessa formlegu vinnu eru Birna Guðrún Jónsdóttir, deildarstjóri á Tjarnarbrekku, Lilja Rut Rúnarsdóttir, umsjónakennari 1.-4. bekkjar í Bíldudalsskóla og Ásdís Snót Guðmundsdóttir, deildarstjóri í Bíldudalsskóla.

Handbókin skiptist í eftirfarandi kafla; markmið og tilgangur, gagnkvæmar heimsóknir, skilafundir, samstarfsáætlun og lokaorð. Í skólanámskrám er einnig gerð grein fyrir samstarfinu og hvernig staðið er að aðlögun barnanna og færslu á milli skólastiga.

## Markmið og tilgangur

Helstu markmið samstarfsins og tengsla milli skólastiganna er að skapa samfellu í námi barnanna og koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Tengja skólastigin saman og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga. Þá er einnig markmið að þróa og efla faglegt lærdómssamfélag kennara á báðum skólastigum, byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi. Þá er einnig mikilvægt að skapa farveg fyrir upplýsingar milli skólastiga og efla upplýsingaflæði (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Markmið dregin saman:

- Tengja skólastigin saman
- Skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á báðum skólastigum
- Stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning úr leiksskóla í grunnskóla
- Byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum
- Skapa farveg fyrir upplýsingaflæði milli skólastiga

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla ber sveitarfélögum skylda til að koma á samstarfi á milli leik- og grunnskóla. Mikilvægi þess að hafa samfellu í skólagöngunni byggist á því að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum, það er sú hæfni sem nemendur öðlast í leikskóla sem er grunnurinn sem byggt er á í grunnskóla.

Þegar barn lýkur leikskóla liggja fyrir ýmis konar upplýsingar um börnin sem gert er ráð fyrir að fylgi þeim í grunnskólann. Með því að láta upplýsingar fylgja er tryggt að byggt verði fyrri námi og reynslu leikskólabarnanna þegar þau koma í grunnskólann og aðlögunin verði eins og best sé á kosið. Að sjálfsgöðu eru foreldrar í lykilhlutverki hvað upplýsingagjöf um leikskólagöngu varðar og mikilvægir tengiliðir milli

skólanna. Tengsl leik- og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem hagsmunir barnsins eru hafðir að leiðarljósi. Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars þannig að börn upplifi samfellu milli skólastiga. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun barna. Þessi áætlun er til þess gerð að tryggja sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni.

## Heimsóknir í grunnskólann

Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

## Heimsóknir í leikskólann

Farsæll flutningur barna út leikskóla í grunnskóla byggist á góðum undirbúningi fyrir og eftir lok leikskólanáms. Ekki er síður mikilvægt að leikskólanemendur fái tækifæri til að viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að þeir hefja nám í grunnskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Grunnskólabörn sakna oft þeirra tengsla sem mynduð voru í leikskóla. Þeim finnst spennandi að heimsækja fornar slóðir, leika sér með gamalkunn leikföng, hitta börn og starfsfólk. Mikilvægt er fyrir sjálfsmynd þeirra að fá tækifæri til þess að upplifa þessar tilfinningar og sýna aukinn vöxt og þroska.

## Skilafundir

Skilafundir leikskólans eru öllu jöfnu haldnir að vori, þó getur komið fyrir að þeir séu haldnir að hausti ef aðstæður eru þannig. Á skilafundum er farið yfir þær upplýsingar sem fylgja barninu milli skólastiga til að tryggja að byggt verði á fyrra námi í leikskólanum. Foreldrar eru eins og áður hefur komið fram mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna sem geta miðlað upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga jafnframt rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og að gefast kostur á að bregðast við þeim. Eyðublað sem fylgir barni í grunnskóla má finna í viðauka.

## Samstarfsáætlun 2015-2016

<b>September</b>	Nemendur taka þátt í Smiðjuverkefni um himingeiminn. Smiðjutímar á fimmtudögum kl. 9:50 – 11:10
<b>Október</b>	Nemendur taka þátt í Smiðjuverkefni um himingeiminn. Smiðjutímar á fimmtudögum kl. 9:50 – 11:10. Heimsókn yngsta stigs grunnskólans í leikskólann, frjáls leikur í stöðvavinnu, blandaðir hópar.
<b>Nóvember</b>	Nemendur 7. bekkjar lesa fyrir leikskólanemendur á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember.
<b>Desember</b>	Nemendur 1.-4. bekkjar heimsækja leikskólann og fá piparkökur og kakó úti. Kveikt á jólatrénu við leikskólann.
<b>Janúar</b>	Elstu nemendum leikskólans boðið í heimsókn á þorablót grunnskólans 21. janúar.
<b>Febrúar</b>	16. febrúar. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. bekk.

	23. febrúar. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. Bekk.
<b>Mars</b>	1. mars. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. bekk. 8. mars. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. bekk. 15. mars. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. bekk.
<b>Apríl</b>	5. apríl. Elstu nemendur leikskóla í heimsókn í grunnskólann, unnið með 1. bekk. 28. Skógarferð kl. 10:00, hópar hittast og fara saman í skógarferð.
<b>Mái</b>	18. maí, skilafundir.

## Heimildaskrá

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2012. *Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2011. *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## Viðaukar

Eyðublað fyrir skilafundi